

# HAFNARGERÐ Í SUNDAHÖFN Í REYKJAVÍK

## HAFNARGERÐ UTAN VIÐ KLEPP

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að hafnargerð utan við Klepp í Sundahöfn í Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á náttúruferlu séu óveruleg. En líklegt er að nágrenni við framkvæmdasvæðið finni fyrir ónæði á framkvæmdatíma bæði vegna hávaða frá framkvæmdunum á hafnarsvæðinu sem og vegna efnisflutninga á svæðið. Neikvæð áhrif vegna þessa verða þó bundin við fremur lítið svæði og skamman tíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkís, f.h. Faxaflóahafna, við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hafnargerð utan við Klepp í Sundahöfn í Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig er varp dýpkunarefnis í sjó háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag sem samræmist fyrirhuguðum framkvæmdum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. september 2013.

## INNGANGUR

Þann 11. júlí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís, f.h. Faxaflóahafna, um fyrirhugaða hafnargerð utan við Klepp í Sundahöfn í Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknarstofnunarinnar, Minjastofnunar Íslands, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 31. júlí 2013, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 17. júlí 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 26. júlí 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. júlí 2013 og Vegagerðinni (hlutverk Siglingastofnunar) með bréfi dags. 6. ágúst 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að byggja um 500-600 m langan, nýjan hafnarbakka utan við landfyllingu við Klepp og lengja núverandi Kleppsbakka að nýja bakkannum um tæplega 70 m. Við framkvæmdina verði rekið niður stálþil, landfylling gerð fyrir innan þilið og strönd við enda þess varin með grjóti. Þá sé hluti af framkvæmdunum að dýpka í viðlegum framan við bakkana. Fram kemur að bygging nýs hafnarbakka sé liður í áframhaldandi þróun og uppbyggingu hafnarinnar í Sundahöfn, en óbreytt ástand myndi þýða ónóga viðlegu fyrir stærri og djúpristari gámaskip. Ekki sé hægt að dýpka frekar við núverandi bakka í Vatnagörðum og sé bygging nýs bakka utan við Klepp forsenda þess að hægt verði í framtíðinni að fylla upp í Vatnagarða og lengja Skarfabakka að Kleppsbakka eins og gert sé ráð fyrir í aðalskipulagi.

Fram kemur að áætlað sé að dýpka um 50 m breitt, tæplega 3 ha viðlegusvæði framan við nýja bakkann og sé áætlað magn uppgrafins efnis um 60.000 m<sup>3</sup> miðað við fullt dýpi sem verði 13-14 m en um 12,5 m við Kleppsbakka. Sækja þurfi um leyfi Umhverfisstofnunar vegna meðferðar dýpkunarefnis í samræmi við gildandi lög og reglur og verði dýpkunarefnið losað á samþykktu losunarsvæði austur af Engey. Dýpkun á þessu svæði hafi verið hluti af mati á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar (VST, 2000). Fram kemur að bakkar verði gerðir með rekstri á stálþili í efnisskiptaskurð sem hafi verið grafinn og fylltur, þilið verði stagað og fyllt verði með malarefni á bak við. Landfyllingum vegna framkvæmda utan Klepps sé að mestu lokið og seinni hluta maí 2013 hafi almennri efnismóttöku á svæðinu verið hætt. Fjallað hafi verið um frágang landfyllinga í mati á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar frá febrúar 2000 (VST 2000) og sé nú komið að lokafrágangi landfyllinga á þessu afmarkaða svæði með lokun þeirra með stálþili. Gróft áætlað sé heildar efnisþörf í framkvæmdir við þennan áfanga hafnargerðar utan Klepps hátt í 200.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefnum en áætluð efnisþörf í grjótvörn til að loka af enda stálþils sé um 17.000 m<sup>3</sup>. Gert sé ráð fyrir að efni komi úr námum sem séu í rekstri á landi eða sjávarnámum sem hafi farið í mat á umhverfisáhrifum og mögulega úr húsgrunnum. Grjót til framkvæmdanna sé til á lager í Sundahöfn en þar hafi verið safnað efni úr grjótvörn sem tekin hafi verið upp við aðrar framkvæmdir á svæðinu.

**Áhrif vegna mengunar í botnsseti.** Fram kemur að búið sé að dýpka mestan hluta hafnar svæðisins í Sundahöfn á undanförunum árum og núverandi botn innihaldi því lítið magn af mengunarefnum. Því sé talið að áhrif af frekari dýpkun á þessu svæði verði óveruleg. Framkvæmdaraðili þurfi að leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna meðferðar dýpkunarefnis og OSPAR samningur kveði á um að ákveðinn fjöldi botnsýna sé tekinn til greiningar fyrir

hvern rúmmetra af efni sem grafinn sé upp. Verklagi verði hagað þannig að gruggmyndun verði í lágmarki en hún geti þó orðið nokkur en verði staðbundin og tímabundin.

**Áhrif á botndýr.** Fram kemur að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði búsvæðatap botndýrategunda sem samsvari flatarmáli mannvirkja á um 3 ha svæði auk þess sem gera megi ráð fyrir að tilfærsla botnsets við dýpkunarframkvæmdir og dæling á fyllingarefnum muni valda einhverjum áhrifum utan þess svæðis. Rannsóknir sýni að botndýralíf við Sundahöfn sé nokkuð einsleitt en hafi tekið umtalsverðum breytingum á síðustu áratugum hvað varði heildarþéttleika og tegundafjölda. Í niðurstöðum rannsókna sé talið að þó ekki sé hægt að útiloka náttúrulegar sveiflur í þéttleika einstakra tegunda þá sé líklegt að breytingar í heildarþéttleika botndýrasamfélagsins og fækkun tegunda megi rekja til óhagstæðra staðbundinna aðstæðna vegna framkvæmda innan svæðisins og umróts sem því hafi fylgt. Þá sé heldur ekki hægt að líta fram hjá því að álag hafi verið á lífverur á Sundunum vegna mengunar úr skólprásum. Talið sé að áhrif vegna þessara framkvæmda verði óveruleg.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að fyrirhuguð hafnarbakkagerð utan við Klepp í Sundahöfn sé í samræmi við núgildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024. Gera þurfi nýtt deiliskipulag af hafnarbakkasvæðum í Vatnagörðum og fyrir utan Klepp og einnig þurfi að gera deiliskipulag af lóðunum innan við bakkana syðst á svæðinu.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknarstofnunarinnar, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á náttúrufar.** Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé talið að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á fiska umfram beina röskun þeirra búsvæða sem fari undir mannvirki. Ekki sé talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða hafnargerð utan við Klepp í Sundahöfn í Reykjavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á náttúrufar séu óveruleg. En líklegt er að nágrennar við framkvæmdasvæðið finni fyrir ónæði á framkvæmdatíma bæði vegna hávaða frá framkvæmdunum á hafnarbakkasvæðinu sem og vegna efnisflutninga á svæðið. Neikvæð áhrif vegna þessa verða þó bundin við fremur lítið svæði og skamman tíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkís, f.h. Faxaflóahafna, við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hafnargerð utan við Klepp í Sundahöfn í Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig er varp dýpkunarefnis í sjó háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag sem samræmist fyrirhuguðum framkvæmdum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. september 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

